

## 58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

## 59. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvík, nr. 25 14. febrúar 1963, með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 26. marz 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um innflutning, framræktun og verzlun með sáðvörur.**

## 1. gr.

Jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal annast eftirlit með innflutningi, framræktun og verzlun með sáðvörur.

## 2. gr.

Jarðræktardeild skal safna upplýsingum um tegundir, afbrigði og stofna þeirra nytjaplantna, sem reyndar hafa verið í tilraunum hér á landi.

## 3. gr.

Á vegum jarðræktardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal árlega birta skrá yfir þær nytjajurtir, tegundir, afbrigði og stofna, sem mælt er með, að notaðir séu til ræktunar í landinu.

## 4. gr.

Jarðræktardeild skal semja reglur og leiðbeiningar um innflutning, meðferð og merkingu á fræi, sem boðið er til sölu.

## 5. gr.

Gera skal áætlun um árlega þörf fyrir sáðvöru og koma innflutningsáætlun á framfæri við viðkomandi verzlunaraðila.

## 6. gr.

Stuðla skal að útvegum og söfnun innlends og erlends fræs, og annast samninga um framræktun þess, bæði erlendis og innanlands.

## 7. gr.

Innfluttu fræi skal fylgja hæfnisskirteini samkvæmt alþjóðareglum O.E.C.D., eða öðrum alþjóðareglum um frækaup, sem Ísland kann að gerast aðili að. Jarðræktardeild getur veitt undanþágu frá þessari skyldu.

## 8. gr.

Jarðræktardeild skal annast eftirlit með fræi, sem ætlað er til sölu eða ræktunar hér á landi. Trúnaðarmenn jarðræktardeildar taka sýnishorn af fræinu, og skal spirunarhæfni og aðrir eiginleikar þess kannaðir. Til hliðsjónar skal hafa alþjóðareglur um fræeftirlit.

## 9. gr.

Stöðva skal innflutning á fræi, sé talið, að af því stafi sýkingarhætta eða sé um fræ illgresis og eiturplantna að ræða. Skal það gert í samráði við tollgæzlu og heilbrigðisyfirvöld.

## 10. gr.

Að lokinni rannsókn samkvæmt 8. gr. gefur jarðræktardeild út vottorð um gæði, (eiginleika, söluhæfni), sáðvörunnar. Skytt er að láta eintak af vottorði þessu fylgja hverri sáðvörusendingu (hverjum poka).

## 11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal greiða gjald, er nemur tveimur hundraðshlutum af kaupverði vörunnar.

Gjald þetta greiðist Rannsóknastofnun landbúnaðarins gegn afhendingu vottorðs samkvæmt 10. gr.

## 12. gr.

Innflytjendur fræs, framleiðendur innlends fræs og seljendur þess fræs, sem hefur verið framræktað erlendis, skulu, eftir að uppskeru er lokið að haustinu, tilkynna jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins magn væntanlegs fræinnflutnings eða magn fræframleiðslu sinnar, sundurgreint eftir tegundum og stofnum. Skal það gert í síðasta lagi fyrir 1. desember hvers framleiðsluárs.

## 13. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til innflutnings og verzlunar með blómafræ og matjurtafræ.

Með auglýsingu má fella innflutning þessara frætegunda undir ákvæði reglugerðarinnar.

## 14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, lögum nr. 17/1927 og lögum nr. 24 1. febrúar 1936 til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. marz 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## AUGLÝSING

**um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.**

## 1. gr.

Samkvæmt heimild í c. og d. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur Fastanefnd